TLM-A022-T/T-1607

# TAMRON | Model: A022 Owner's manual

# SP150-600mm F/5-6.3 Di VC USD G2
(for Nikon, Canon)

# SP150-600mm F/5-6.3 Di USD G2
(for Sony *Models without the VC)




















































CE
* The CE Marking is a directive conformity mark of the European Community (EC).
* Das CE-Zeichen entspricht der EC Norm.
* La marquage CE est un marquage de conformité à la direcive CEE (CE).
* La marca CE es marca de conformidad segun directiva de la Comunidad Europea (CE).
* Il marchio CE attesta la conformita alla directtiva della Comunità Europea (CEE).
* CE 标志表示符合欧州共同体(EC)指标

CE
The EEC Conformity Report applies to the Council Directive 2014/30/EU, 2011/65/EU and is used by Tamron Co., Ltd., manufacturer of this product.

# ÍSLENSKA

Þakka þér fyrir að kaupa Tamron linsuna sem nýjustu viðbótina við ljósmyndabúnaðinn þinn. Áður en þú notar nýju linsuna þína, skaltu lesa innihald þessarar handbókar vandlega til að kynnast linsunni og réttu tækninni við að taka eins góðar myndir og mögulegt er. Með réttri meðhöndlun og umhirðu mun Tamron linsan gera þér kleift að taka fallegar og spennandi myndir í mörg ár.

- **Útskýrir varúðarráðstafanir sem hjálpa til við að koma í veg fyrir vandamál.**

- Útskýrir það sem þú þarft að vita til viðbótar við helstu aðgerðir.

## HEITI ÍHLUTA (Sjá mynd [1], ef ekki tilgreint)

① Linsuhlíf
② Samstillingarmerki fyrir áfestingu hlífar
③ Læsingarmerki fyrir hlíf
④ Síuhringur
⑤ Losunarmerki fyrir hlíf
⑥ Aðdráttarhringur
⑦ Brennivíddarkvarði
⑧ Brennivíddarmerki
⑨ Fókushringur
⑩ Fjarlægðarkvarði
⑪ Fjarlægðarmerki
⑫ Þrífótarfesting
⑬ Merki fyrir þrífótarfestingu
⑭ Læsiskrúfa fyrir þrífótarfestingu
⑮ Losunarmerki fyrir þrífótarfestingu (linsuhlið)
⑯ Losunarmerki fyrir þrífótarfestingu (þrífótarhlið)
⑰ Merki fyrir linsufestingu
⑱ VC (titringsjöfnunar) rofi
⑲ AF/MF rofi
⑳ Fókustakmarkari
㉑ VC hamrofi
㉒ Tengi á milli linsu og myndavélar
㉓ Lásrofi fyrir víðan (wide-side) aðdrátt

## HELSTU FORSKRIFTIR

| | A022 |
|---|---|
| Brennivídd | 150-600 mm |
| Hámarks ljósop | F/5-6,3 |
| Sjónarhorn | 16˚25' - 4˚8' |
| Linsuuppbygging | 13/21 |
| Lágmarks fókusfjarlægð | 2,2 m (86,6") |
| Hámark stækkunarhlutfall | 1:3,9 (þegar 600 mm linsu) |
| Síustærð ø | 95 mm |
| Lengd | 257,7 mm* (10,1") |
| Þvermál ø | 108,4 mm (4,3") |
| Þyngd (með þrífótarfestingu) | 1.990 g* (70,2 oz) |
| Linsuhlíf | HA022 |

- *** Gildin eru forskriftir fyrir Nikon vörur.**
  **Lengd: Fjarlægð frá framhlið linsu framan að yfirborði festingar.**
  **Eiginleikar og útlit linsa sem skráð eru í eigendahandbókinni geta breyst án fyrirvara.**

## LINSAN FEST VIÐ OG FJARLÆGÐ

Fjarlægðu aftari hettuna af linsunni. Samstilltu áfestingarmerki linsunnar ⑰ og festingarmerki myndavélarinnar, settu linsuna síðan í.
Snúðu linsunni réttsælis þar til hún smellur í og læsist. (Snúðu rangsælis á Nikon tegundum.)
Til að fjarlægja linsuna skaltu snúa linsunni í gagnstæða átt meðan þú ýtir á sleppihnapp linsunnar á myndavélinni.

- **Slökktu á myndavélinni áður linsan er sett í eða fjarlægð.**
- **Ef um er að ræða Canon myndavélar á að samstilla með EF linsumerkinu (rauðum hring).**

- Lestu leiðbeiningahandbók myndavélarinnar til að fá frekari upplýsingar.

## SKIPT YFIR Í FÓKUSHAM (Sjá myndir [1], [3] & [4])

Til að taka myndir með sjálfvirkum fókus (AF) skaltu stilla AF/MF rofann ⑲ á „AF".
Til að taka myndir með handvirkum fókus (MF) skaltu stilla AF/MF rofann ⑲ á „MF", notaðu síðan höndina til að snúa fókushringnum og setja myndina í fókus.

- **Fjarlægðarkvarðinn ⑩ er gefinn upp til leiðbeiningar. Hann getur verið frábrugðinn raunverulegri fókusstaðsetningu.**
- **Erfitt getur verið að fá sjálfvirkan fókus til að virka í AF stillingunni en það fer eftir viðfangsefninu.**

- Með handvirka „full-time" búnaðinum, þegar fókusinn er stilltur með AF, má skipta yfir í MF með því að snúa fókushringnum á meðan AF/MF rofinn er stilltur á AF. AF má virkja á ný með því að sleppa fingrinum af ljósopslokanum og ýta ljósopslokanum síðan hálfa leið niður.
- Til að tryggja fókus við mismunandi aðstæður, snýst fókushringurinn ⑨ framhjá óendanleika (∞) stöðunni. Því skaltu alltaf skoða fókusinn í myndglugganum þegar myndað er með handvirkum fókus, jafnvel þegar fókusinn er samstilltur við óendanleikamerkið.
- Lestu leiðbeiningahandbók myndavélarinnar til að fá frekari upplýsingar.

## VC BÚNAÐUR (Sjá myndir [1], [5] & [6]) (áfastur á Nikon og Canon tegundum)

VC (titringsjöfnunar) búnaðurinn dregur úr óskýrleika mynda af völdum fríhendismyndatöku.

### ■Hvernig nota á VC

Þegar þú notar VC skaltu stilla VC rofann ⑱ á KVEIKT.
Ýttu ljósopslokanum hálfa leið niður og staðfestu að myndin í glugganum sé stöðug áður en myndin er tekin.

### ■Skipt yfir í VC ham

Þú getur skipt yfir í VC ham með því að nota rofann fyrir VC haminn ㉑.

**MODE 1** Grunnhamur sem kemur á jafnvægi milli stöðugleika í myndglugganum og jöfnunaráhrifa
**MODE 2** Skimunarhamur (panning mode)
**MODE 3** Hamur sem forgangsraðar jöfnunaráhrifum, jafnar aðeins á því augnabliki sem smellt er af.

* MODE 1 og MODE 3 styðja ekki skimun.
* Fyrir myndatöku með skjá (live view), skaltu nota MODE 1.
* Stillingar má framkvæma með því að nota eingöngu TAP-in hjálparforrit í MODE 1.

### ● VC er virkur við eftirfarandi aðstæður

- Illa upplýstir staðir
- Staðir þar ljósmyndun með flassi er bönnuð
- Staðir þar sem fótfesta er óstöðug

### ● Ekki er víst að VC virki nægilega vel við eftirfarandi skilyrði

- Þegar mynd er tekin úr ökutæki sem hristist mikið
- Myndataka meðan á meðan myndavélin hreyfist mikið
- Myndataka með notkun þrífótar
- Stilltu VC rofann á SLÖKKVA þegar þú tekur myndir með peruljósmyndun (bulb photography) (langvarandi útsetning). Annars gæti VC valdið bilun.

- **Myndin í myndglugganum gæti orðið óskýr fyrst eftir ljósopslokanum er ýtt hálfa leið niður. Þetta er vegna efnisþátta VC og ekki vegna bilunar.**
- **Þegar VC rofinn er stillt á KVEIKJA er hægt að taka færri myndir vegna orkunnar sem það notar frá myndavélinni.**
- **Stilltu VC rofann á SLÖKKVA meðan á myndatöku stendur þegar myndavélinni er haldið með einverju öðru en hendinni (t.d. þrífæti).**

- Ekki fjarlægja linsuna úr myndavélinni á meðan VC er á. Ef linsan er fjarlægð á meðan VC er á, getur heyrst smellur í linsunni ef hún er hrist. Þetta er ekki bilun. Ef linsan er fest á myndavélina og kveikt er á myndavélinni, hættir hljóðið.
- Í MODE 2 og MODE 3 getur virkni VC við leitarann verið minnkuð, en þetta er ekki bilun.
- Í Nikon myndavélum með innbyggðu flassi er slökkt á VC meðan á hleðslu innbyggða flassins stendur.

## NOTKUN FÓKUSTAKMARKARANS (Sjá myndir [1], [7] til [9])

Ef rofinn fyrir fókustakmarkarann ⑳ er notaður, getur hann gefið hraðari fókus þegar stillt er á sjálfvirkan fókus.

### ■Til að takmarka sjálfvirka fókussviðið á nálæg (1,0 til 2,2 m) viðfangsefni (Sjá mynd [7])

Stilltu rofann fyrir fókustakmarkarann á „10 m-2,2 m".

### ■Til að takmarka sjálfvirka fókussviðið á fjarlæg (óendanleg til 10 m) viðfangsefni (Sjá mynd [8])

Stilltu rofann fyrir fókustakmarkarann á „∞-10 m".

### ■Þegar fókustakmarkarinn er ekki notaður (Sjá mynd [9])

Stilltu rofann fyrir fókustakmarkarann á „FULLT".

## AÐDRÁTTUR (Sjá myndir [1] & [2])

Snúðu aðdráttarhring ⑥ linsunnar til að stilla brennivíddina sem hentar myndinni meðan þú horfir í gegnum myndagluggann, taktu síðan myndina.

## FLEX-ZOOM LÁSBÚNAÐURINN (Sjá myndir [1], [10] & [11])

Þessum búnaði er ætlað að hindra linsuna við að framkvæma aðdrátt fyrir slysni í öllum stöðum. Snúðu aðdráttarhringnum í aðdráttarstöðuna, settu síðan læsinguna á eftir að þú hefur ákveðið stöðuna.

### ■Stilling aðdráttarlæsingarinnar (Sjá mynd [10])

Færðu aðdráttarhringinn að hlið viðfangsefnisins þar til hvíta merkið er sýnilegt.

### ■Losun aðdráttarlæsingarinnar (Sjá mynd [11])

Færðu aðdráttarhringinn að hlið myndavélarinnar.

- **Við athafnir eins og þegar verið er að bera vöruna, skaltu nota breiðu (wide-side) aðdráttarlæsinguna til að koma í veg fyrir að hún detti niður vegna eigin þunga.**
- **Til að nota aðdráttinn, skaltu opna læsinguna og snúa aðdráttarhringnum.**
- **Gættu þess að klemma ekki fingurna á meðan þú notar aðdráttarlásinn.**
- **Ef ekki á að nota myndavélina í langan tíma, skaltu opna flex-zoom læsinguna áður en hún er sett í geymslu.**

## LINSUHLÍF (Sjá myndir [1], [12] til [14])

Linsuhlíf af bayonet-gerð fylgir sem staðalbúnaður.
Við mælum með því að hlífin sé höfð á við myndatöku til að draga úr flökkuljósi sem getur haft áhrif á myndina.

### ■Notkun linsuhlífarinnar (Sjá myndir [12] & [13])

Samstilltu áfestingarmerki hlífarinnar ② á hlífinni við losunarmerki linsuhlífarinnar ⑤ á linsunni.
Snúðu hettunni í þá átt sem örin vísar þar til læsingarmerki hlífarinnar ③ fellur að losunarmerki hlífarinnar ⑤.

### ■Skorðun linsuhlífarinnar (Sjá mynd [14])

Þú getur skorðað linsuhlífina með því að festa hana öfugt á.
Samstilltu læsingarmerki hlífarinnar ③ á hlífinni við losunarmerki linsuhlífarinnar ⑤ á linsunni.
Snúðu hettunni í þá átt sem örin vísar þar til áfestingarmerki hlífarinnar ② fellur að losunarmerki hlífarinnar ⑤.

- **Athugaðu að jaðar ljósmyndarinnar getur dökknað ef hlífin er ekki fest á réttan hátt.**

## FESTING ÞRÍFÓTARINS (Sjá myndir [1], [15] til [17])

A022 tegundin kemur með þrífótarfestingu. Þegar þú notar þrífót skaltu festa linsuna vel við þrífótinn með því að nota þrífótarfestingu.

### ■Breyting á stefnu myndavélarinnar (Sjá mynd [15])

Þegar þú breytir stefnu myndavélarinnar, getur þú snúið linsunni með því að losa læsingarskrúfu þrífótarfestingarinnar ⑭.
Þegar þú hefur ákveðið stefnu fyrir myndatökuna, skaltu herða læsingarskrúfu þrífótarfestingarinnar ⑭.

### ■Þrífótarfestingin sett á og fjarlægð (Sjá myndir [16] & [17])

Þú getur fest linsuna á og tekið hana af með því að losa um læsiskrúfu þrífótarfestingarinnar ⑭, snúið linsunni og samræmt losunarmerkin ⑮ og ⑯ í sömu stöðu.
Eftir að þú hefur fest linsuna á, skaltu herða vel læsiskrúfu þrífótarfestingarinnar ⑭.

- Festa má A022 þrífótarfestinguna við ARCA-SWISS myndavélaplötu.

## VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ MYNDATÖKUR

- Innra fókuskerfi (IF) er notað til að ná lágmarks fókusfjarlægð. Af þessum sökum er myndatökusviðið víðara en við á um linsur sem nota önnur fókuskerfi, þegar teknar eru myndir í fjarlægð sem er styttri en óendanleg.
- Fjarlægðu alltaf hettuna þegar þú notar innbyggða flassið á myndavélinni við flassljósmyndun. Annars getur hettan eða linsan myrkvað jaðar myndarinnar. Við nærljósmyndun blokkar linsan sjálf flassið og dökkur hálfhringur getur birst neðst á skjánum, jafnvel þegar linsuhetta er ekki notuð. Við mælum með því að þú notar utanaðkomandi flasseiningu frá myndavélaframleiðandanum fyrir flassljósmyndun.
- Mismunur á skjákerfum myndavéla getur valdið því að mismunandi gildi komi fram sem eru ólík hámarks og lágmarks ljósopsgildunum í forskriftinni. Þetta er ekki vísbending um villu.
- Notkun með myndavélum með spegillausri, víxlanlegri linsu er ekki tryggð.

## TIL AÐ TRYGGJA LANGTÍMA ÁNÆGJU

- Fjarlægðu ryk og óhreinindi af linsunni með því að nota blásara eða mjúkan bursta. Ekki snerta linsuna með fingrunum.
- Þegar fingraför eða olía hafa fest á linsunni, skaltu strjúka létt af henni með linsuhreinsipappír, bleyttu síðan vel þveginn bómullarklút eða örtrefjaklút (hreinsiklút fyrir gleraugu o.s.frv.) í linsuhreinsi og þurrkaðu létt yfir yfirborð linsunnar frá miðju. Ekki nota sílíkonklút.
- Hreinsaðu linsubolinn með því að nota sílíkonklút. Notaðu aldrei bensen, þynni eða önnur lífræn leysiefni.
- Mygla er meiriháttar vandamál hvað varðar linsur. Geymdu linsuna á hreinum, köldum og þurrum stað. Þegar þú geymir linsuna í linsuhulstri, skaltu geyma hana með þurrkefni og skipta af og til um þurrkefni.
- Ekki snerta tengin á milli linsunnar og myndavélarinnar. Ef ryk eða blettir valda vandamálum hvað varðar tengingar, eru merkin ekki send á réttan hátt milli linsu og myndavélar og bilanir geta komið fram.
- Ef hitastig breytist skyndilega, getur raki myndast í myndavélinni og linsunni og valdið bilunum. Til að koma í veg fyrir þetta, skaltu setja búnaðinn í plastpoka eða svipað ílát. Eftir að búnaðurinn hefur aðlagast umhverfishitanum, skaltu fjarlægja hann úr pokanum og nota hann eins og venjulega.

**Förgun raf- og rafeindabúnaðar á heimilum. Förgun á notuðum raf- og rafeindabúnaði (gildir í Evrópusambandinu og öðrum Evrópulöndum með aðskildum söfnunarkerfum)**

Þetta tákn merkir að þessari vöru megi ekki farga með heimilissorpi.
Þess í stað skal skila henni til endurvinnslu á raf- og rafeindabúnaði.
Ef nýjar vörur eru keyptar, ætti að afhenda dreifingaraðilanum vöruna eða skila henni í söfnunarkerfi fyrir raf- og rafeindabúnað.
Með því að tryggja að vörunni sé rétt fargað, kemur þú í veg fyrir hugsanlegar neikvæðar afleiðingar fyrir umhverfi og heilsu manna, sem annars kunna að hljótast af rangri förgun vörunnar eða íhlutum hennar.
Ef vörunni er fargað ólöglega, kann það að valda viðurlögum. Til að fá nánari upplýsingar um endurvinnslu vörunnar, skaltu hafa samband við yfirvöld á þínum stað, sorpförgunarþjónustuna eða verslunina þar sem þú keyptir vöruna.

TAMRON **ÍSLENSKA**

# Varúðarráðstafanir hvað varðar örugga notkun á Tamron linsum

Til að tryggja örugga notkun skaltu lesa „Varúðarráðstafanir hvað varðar örugga notkun á Tamron linsum“ og handbókina áður en varan er notuð.
Eftir lesturinn skaltu geyma þær á stað þar sem auðvelt er að nálgast þær gerist þess þörf.
Varúðarleiðbeiningunum er skipt niður í eftirfarandi tvo flokka eftir því hversu mikla hættu er um að ræða.

| ⚠ VIÐVÖRUN | Þetta á við um leiðbeiningar þar sem það getur valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef þeim er ekki fylgt eða þær eru framkvæmdar rangt. |
|---|---|

- **Ekki má horfa beint í sólina eða aðra öfluga ljósgjafa með linsunni eða myndavél sem linsan er fest við.**
  **Það gæti valdið sjónskerðingu eða öðrum skemmdum.**
- **Ekki má taka í sundur, lagfæra eða breyta linsunni.**
  **Það gæti skemmt linsuna eða myndavélina.**
- **Geymið linsuna þar sem lítil börn ná ekki til.**
  **Hætta er á meiðslum ef linsan dettur niður.**

| ⚠ VARÚÐ | Þetta á við um leiðbeiningar þar sem það getur valdið líkamstjóni eða líkamsskaða ef þeim er ekki sinnt eða þær eru framkvæmdar rangt. |
|---|---|

- Ekki má setja linsuna í beint sólarljós eða skilja hana eftir á mjög heitum stað eins og inni í bíl. Það gæti skemmt innri hluta glersins eða valdið eldsvoða.
- Settu alltaf lokið á linsuna þegar hún er ekki í notkun.
- Þegar linsan er fest á myndavélina þarf að ganga úr skugga um að linsan hafi verið rétt fest við myndavélina og sé vel læst.
  Ef linsan er ekki vel fest, gæti verið erfitt að fjarlægja hana eða hún gæti dottið af og valdið skemmdum eða meiðslum.
- Ekki má nota linsuna fyrir neitt annað en ljósmyndun.
- Ekki má flytja linsuna á meðan hún er enn föst við þrífót.